



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Mosfellsbæjar
Regína Ásvaldsdóttir
Mosfellsbær
Þverholti 2
270 Mosfellsbæ

Kópavogur, 9. nóvember 2022
Málsnr. 2208011/JKÁ

Efni: Lýsing - Svæðisskipulag - breyting á vaxtamörkum - Rjúpnahlíð - Garðabær

Á 110. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, hinn 14. október 2022, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð:

Fyrirliggjandi er tillaga að lýsingu fyrir breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015 - 2040 dags. október 2022. Breytingin varðar færslu á vaxtamörkum svæðisskipulags við Rjúpnahlíð í Garðabæ þar sem ætlun er að skipuleggja nýtt athafnasvæði fyrir plássfreka starfsemi, ásamt því að færa hestúshverfi á Kjávöllum innan vaxtamarka. Breytingin er hluti af innleiðingu Garðabæjar á stefnumörkun svæðisskipulags. Unnið er að uppbyggingu þéttar blandaðrar byggðar með endurnýtingu athafnasvæða í grennd við miðbæ og uppbyggingin þéttar byggðar við biðstöðvar Borgarlínu, sem liggja mun um Hafnarfjarðarveg. Ætlun er er að mæta þessari þróun með nýjum lóðum fyrir atvinnufyrirtæki s.s. verkstæði, smáidnað og ýmiss plássfrek, fyrirtæki.

Niðurstæða fundar:

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir fyrirliggjandi lýsingu að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015 - 2040. Lýsingin verði send aðildarsveitarfélögum til afgreiðslu sbr. 1. mgr.23. gr. skipulagslaga. Þá verði hún sérstaklega kynnt þeim sveitarfélögum sem þess óska. Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum.

Beiðni um meðferð á vettvangi sveitarfélagsins:

Meðfylgjandi er lýsing vegna ofangreinds dags. október 2022. Óskað er eftir því að lýsing verði tekin til efnislegrar **umræðu, afgreiðslu og staðfestingar** sbr. 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bent er á að samhliða kynningu á lýsingu fyrir svæðisskipulagsbreytingu stendur yfir kynning á lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Garðabæjar fyrir sama svæði. Allar innsendar ábendingar, hvort sem er vegna svæðisskipulagsbreytingar eða aðalskipulagsbreytingar Garðabæjar, verða rýndar við áframhaldandi skipulagsgerð í samstarfi svæðisskipulagsnefndar og skipulagsstjóra Garðabæjar.

Er þess óskað að upplýsingar um afgreiðslu sveitarfélaganna samkvæmt framangreindu berist á netfangið ssh@ssh.is. Sé frekari kynningar óskað skulu beiðnir þess efnis sendar á netfangið jon@ssh.is.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd svæðisskipulagsnefndar

Jón Kjartan Ágústsson
Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Meðfylgjandi:

Lýsing: svæðisskipulagsbreyting – breyting á vaxtamörkum – Rjúpnahlíð í Garðabæ dags. október 2022.